

Markmið

Markmið samfélags- og náttúrugreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, náttúru, auðlinda, menningar og sögu. Unnið er eftir eftirfarandi hæfniviðmiðum aðalnámskrár:

Að nemendur geti:

Samfélagsreinar:

- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi
- skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,
- lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks
- gert grein fyrir völdum frá sögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,
- borið saman valin trúar- og lífsviðhorf
- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,
- sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt,
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,

Náttúrufræði:

- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.
- tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veita og meta ólíka kosti.
- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi,
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,

- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum,
- sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt,
- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni,
- tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð,
- lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi,
- útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægarskiptum og því að tíminn líður,
- notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins.
- lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland,
- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum,
- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs,

Kennsluaðferð / vinnulag

Undir samfélags- og náttúrugreinar falla ýmsar greinar. Á þessu skólaári verður unnið í lotum þar sem ákveðið viðfangsefni verður tekið fyrir.

Viðfangsefni sem unnið verður með á skólaárinu:

- Landafræði (Evrópa)
- Himingeimurinn
- Trúarbragðafræði
- Lífsleikni
- Útikennsla
- Umhverfið okkar og heimabyggð

Námsmat

Lagt er upp með að námsmat sé fjölbreytt og að nemendur geti tekið virkan þátt í matinu. Námsmat sem verður nýtt í samfélags- og náttúrufræði:

- Sjálfsmat
- Jafningamat
- Vinnubók/verkefni
- Virkni og þátttaka í kennslustundum
- Sjálfstæði

Námsgögn

Evrópa (lesbók), Náttúrulega 1, Auðvitað: Jörð í Alheimi, ýmislegt efni af vef, vinnublöð og heimildarmyndir.

Námsvísir 2022-2023
6. bekkur
Námsgrein: Samfélags - og
náttúrufræði

Kennari: Björg Gunnarsdóttir



Gleði - Samvinna - Sjálfstæði

